



Innra Eftirlit Iðnafls

IDNAFL | Iднаfl.is

Síðast uppfært: mars 2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Markmið innra eftirlits lönafls	2
2	Eftirlitsumhverfi	2
3	Áhættumat.....	3
3.1	Innri áhættupættir lönafls.....	3
3.2	Ytri áhættupættir lönafls	3
4	Eftirlitsaðgerðir	4
4.1	Fyrirbyggjandi aðgerðir	4
4.2	Leiðbeinandi aðgerðir.....	4
4.3	Upplýsandi aðgerðir	4
4.4	Leiðréttandi aðgerðir	5
4.5	Eftirlit með upplýsingatæknikerfum	5
4.6	Verklagsreglur til að tryggja gæði	5
5	Upplýsingar og samskipti.....	6
5.1	Innri samskipti Metatron.....	6
5.2	Ytri samskipti lönafls.....	6
6	Vöktun innra eftirlits	7
<u>6.1</u>	<u>Viðbrögð vegna frávika</u>	<u>7</u>

1 Inngangur

Öflugt innra eftirlit er ein af forsendum árangursríkrar stjórnunar. Í þessu riti er fjallað um innra eftirlit lðnafls (h.e. lðnafl eða fyrirtækið), í hverju það er fólgið og hvernig staðið er að mati á því. Innra eftirlit lðnafls er ætlað að tryggja stöðuga, skilvirka og ábyrga starfsemi fyrirtækisins. Það felur í sér kerfi af ferlum og verkferlum sem tryggja öryggi eigna, réttmæti fjármálaupplýsinga og samræmi við lög og reglur. Innra eftirlitið er okkur lykilþáttur í að stuðla að áreiðanleika í rekstri og stöðugum umbótum.

Ritið er byggt á skilgreiningu COSO (*Committee of Sponsoring Organizations*) um innra eftirlit. Innra eftirlitið er ekki tæmandi og er stutt af öðrum stefnum, reglum og leiðbeiningum fyrirtækisins.

1.1 Markmið innra eftirlits lðnafls

- Að reksturinn sé árangursríkur og skilvirkur, þar með talin ráðstöfun tíma og fjármuna.
- Að starfsmenn séu vel upplýstir um verkefni og hvernig ábyrgð þeirra tengist starfseminni.
- Að ábyrgð og verklagsreglur séu skýrar.
- Að fyrirtækið fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemina.
- Að tryggja rekstraröryggi upplýsingakerfa, áreiðanleika og viðeigandi leynd gagna.

2 Eftirlitsumhverfi

Eftirlitsumhverfi lðnafls er lykilþáttur í því að tryggja árangursríkt innra eftirlit og starfsemi fyrirtækisins. Það felur í sér skýrt skipulag og stjórnarhætti sem leggja áherslu á heiðarleika, siðferðilegt gildismat og trausta stjórnun. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á heilindi stjórnenda sem fyrirmyndir fyrir starfsfólk, þar sem heiðarleiki og siðferðileg viðmið eru leiðarljós í allri starfsemi.

Árangur innra eftirlits veldur á jákvæðu viðhorfi bæði stjórnenda og starfsfólks til eftirlitsferla. Það er mikilvægt að verkaskipting sé skýr og að hæfileg ábyrgð fylgi valdi í daglegum störfum. Skipulag fyrirtækisins skilgreinir hver ber ábyrgð á ákveðnum þáttum innra eftirlits, sem tryggir að ferlum sé framfylgt á réttan hátt og í samræmi við samþykktar reglur og skipulag.

Mannauður er einn mikilvægasti þátturinn í eftirlitsumhverfi lðnafls. Fyrirtækið leggur áherslu á að ráða, þjálfra og halda í starfsfólk. Þjálfun og endurmenntun starfsmanna eru grundvallarþættir til að viðhalda hæfni þeirra og auka skilvirkni innra eftirlits. Frammistaða starfsmanna er reglulega metin til að tryggja að þeir uppfylli kröfur um hæfni og ábyrgð í tengslum við eftirlitsferla.

Vald og ábyrgð á innra eftirliti helst í hendur hjá lðnafl, og stjórnendur bera ábyrgð á því að eftirlitsaðgerðir séu í samræmi við þá ábyrgð sem þeir bera til starfsmanna. Með því að stuðla að skýru skipulagi, siðferðilegum gildum, og faglegri

stjórnun tryggir lðnafl að eftirlitsumhverfið sé sterkt og í takt við markmið fyrirtækisins um skilvirkni og áreiðanleika.

3 Áhættumat

Áhættumat er lykilþáttur í því að tryggja árangursríkt innra eftirlit hjá lðnafl. Fyrirtækið þarf að geta greint og metið áhættupætti sem gætu ógnað markmiðum starfseminnar og brugðist við þeim með viðeigandi aðgerðum. Markmið lðnafls eru skýrt skilgreind, sem auðveldar mat á því hvort einhver hættu sé á að þeim verði ekki uppfyllt.

Við greiningu á áhættupáttum horfum við til bæði til innri og ytri þátta sem gætu haft áhrif á starfsemina:

3.1 Innri áhættupættir lðnafls

- Mikill vöxtur eða samdráttur í starfseminni.
- Breytingar á rekstrarháttum eða endurnýjun starfsfólks í lykilstöðum.
- Rekstrartruflanir í tölvukerfum eða innleiðing nýrra tölvukerfa.

3.2 Ytri áhættupættir lðnafls

- Tækniþróun.
- Breyttar þarfir viðskiptavina.
- Ný lög og/eða reglugerðir.
- Efnahagslegar sveiflur.
- Veðurfar og/eða náttúruhamfarir

Sérstaklega þarf að huga að **sviksemisáhættu**, þar sem hættu á misferli getur haft veruleg áhrif á rekstur og orðspor fyrirtækisins. Með stöðugu mati á þessari áhættu tryggir lðnafl að viðeigandi eftirlitsaðgerðir séu til staðar til að fyrirbyggja sviksemi og verja hagsmuni fyrirtækisins.

Einnig er mikilvægt að lðnafl greini breytingar í rekstrarumhverfi sínu, sem gætu krafist breytinga á innra eftirliti. Nýjar áskoranir og tækifæri koma stöðugt fram, og fyrirtækið þarf að bregðast við þeim með sveigjanleika í eftirlitsaðgerðum sínum. Mat á áhættu felur bæði í sér að meta líkur á tjóni og hversu alvarlegt tjónið gæti orðið. Þó að nákvæmir útreikningar á áhættu séu oft erfiðir, nýtir lðnafl bestu fáanlegu upplýsingar og reynslu sína til að taka upplýstar ákvarðanir.

4 Eftirlitsaðgerðir

Eftir að áhættumat hefur verið framkvæmt, er mikilvægt að stjórnendur lönafls ákveði viðeigandi eftirlitsaðgerðir til að bregðast við áhættupáttum sem gætu ógnað starfsemi fyrirtækisins. Eftirlitsaðgerðirnar eru hannaðar til að draga úr líkum á að markmið fyrir-tækisins náist ekki og auka skilvirkni í rekstri.

Til að tryggja að eftirlitsaðgerðir séu áhrifaríkar, eru þær valdar og þróaðar með skýrum tilgangi í huga, þar sem leitast er við að draga úr áhættu og stuðla að markmiðum. Þetta felur í sér aðgerðir sem snúa að rekstri, upplýsingatæknikerfum og verklagsreglum. Þær hjálpa til við að koma í veg fyrir villur, misferli og truflanir í starfseminni.

4.1 Fyrirbyggjandi aðgerðir

Þessar aðgerðir eru hannaðar til að koma í veg fyrir að vandamál komi upp eða til að draga úr áhættu.

- **Aðgangsstýringar:** Að takmarka hverjir hafa aðgang að mikilvægum gögnum og upplýsingakerfum, til að koma í veg fyrir misnotkun eða óheimilar breytingar.
- **Þjálfun og fræðsla starfsfólks:** Regluleg fræðsla fyrir starfsmenn um viðeigandi verklag, öryggi og siðareglur til að lágmarka hættu og slys.

4.2 Leiðbeinandi aðgerðir

Leiðbeinandi aðgerðir snúa að því að veita starfsmönnum skýrar leiðbeiningar um hvaða aðgerðum og ferlum skal fylgja.

- **Verklagsreglur:** Skýrar reglur og vinnuferlar fyrir uppsetningu, viðhald og þjónustu tengda gervigrasvöllum og öðrum mannvirkjum sem og allri epoxy vinnu.

Skjalfest stjórnskipulag: Skriflegar lýsingar á skiptingu ábyrgðar og valda innan fyrirtækisins til að tryggja að starfsmenn viti nákvæmlega hverjir bera ábyrgð á ákveðnum þáttum innra eftirlits.

4.3 Upplýsandi aðgerðir

Upplýsandi aðgerðir fylgjast með starfseminni til að greina frávik eða vandamál áður en þau valda verulegum skaða.

- **Reglulegar endurskoðanir og yfirferðir:** Reglulegar innri úttektir á fjármálum, framkvæmd verkferla og gæðum þjónustu til að greina möguleg frávik eða veikleika.
- **Kerfisvöktun:** Vöktun á upplýsingakerfum til að tryggja að þau starfi rétt og að uppfærslur eða truflanir séu greindar og leystar áður en þær valda vandræðum.

4.4 Leiðréttandi aðgerðir

Þessar aðgerðir eru notaðar til að laga vandamál eða mistök sem þegar hafa átt sér stað.

- **Viðgerðir og úrbætur á gervigrasvöllum:** Ef frávik uppgötvast við gæði valla eða þjónustu er gripið til tafarlausra úrbóta, svo sem viðgerða eða endurbóta á uppsetningu.
- **Breyting á verkferlum:** Þegar vandamál koma upp í rekstri, eru verkferlar endurskoðaðir og lagfærðir til að koma í veg fyrir að sama vandamál endurtaki sig.

4.5 Eftirlit með upplýsingatæknikerfum

Upplýsingakerfi gegna lykilhlutverki í starfsemi Iðnafls, og því þarf að hafa eftirlit með þeim til að tryggja öryggi og rekstrarhæfi:

- **Afritatökur:** Regluleg afritatökur og prófanir eru gerðar til að tryggja að mikilvæg gögn glatist ekki við bilun í kerfum.
- **Aðgangstakmarkanir:** Aðgreining ábyrgðar innan upplýsingakerfa, þar sem aðeins tilteknir starfsmenn hafa heimild til að framkvæma tilteknar aðgerðir, svo sem breytingar á gögnum eða kerfum.

4.6 Verklagsreglur til að tryggja gæði

- **Skráning og samþykki verkþátta:** Skráning allra verkþátta í tengslum við uppsetningu eða viðhald gervigrasvalla og skyldra verkefna, með áritun til staðfestingar að verk hafi verið rétt framkvæmd.
- **Afstemmingar:** Reglulegar afstemmingar á bókhaldi og fjármálaskjölum til að tryggja að öll viðskipti og kostnaður sé rétt skráður og samþykktur.

Gott upplýsingaflæði og skilvirk samskipti eru grundvöllur fyrir árangursríkt innra eftirlit. Iðnafl leggur áherslu á að tryggja að allar upplýsingar um rekstur, áhættu og

viðbrögð séu aðgengilegar, réttar og dreift á réttum tíma. Starfsmenn skulu fá reglulegar upplýsingar um eftirlitskerfi og breytingar, og samskiptakerfi skal stuðla að gagnsæi.

5 Upplýsingar og samskipti

Nýlega hefur Iðnafl innleitt upplýsingakerfi sem veitir starfsmönnum aukið aðgengi að upplýsingum og verkefnum, sem breytir upplýsingaflæði innan fyrirtækisins.

Starfsmenn geta nú nálgast upplýsingar sjálfir, án þess að fara í gegnum stjórnendur, sem gerir hlutverk stjórnenda enn mikilvægara þegar kemur að eftirliti og samhæfingu innra eftirlits. Því þarf að tryggja að stjórnendur miðli ábyrgð og upplýsingum skýrt til starfsmanna til að þeir geti sinnt verkefnum á réttan hátt.

5.1 Innri samskipti Metatron

Innri samskipti skipta sköpum til að tryggja að allir starfsmenn skilji ábyrgð sína í innra eftirliti. Mikilvægt er að:

- **Stjórnendur upplýsi starfsmenn um ábyrgðir sínar:** Stjórnendur verða að tryggja að starfsmenn skilji hvaða þátt þeir bera í innra eftirliti og hvernig ábyrgð þeirra tengist starfsemi.
- **Ábyrgð og verklagsreglur séu skýrar:** Hver starfsmaður þarf að vita nákvæmlega hvaða hlutverki hann gegnir innan eftirlitskerfisins og hvernig hans starf hefur áhrif á heildarreksturinn.
- **Vandamál séu greind fljótt:** Ef starfsmaður lendir í óvæntu atviki í sínu starfi, þarf hann að bregðast við en einnig að miðla því áfram til stjórnenda svo hægt

sé að bæta við eða breyta eftirlitsaðgerðum og koma í veg fyrir að svipuð vandamál komi upp aftur.

5.2 Ytri samskipti Iðnafls

Iðnafl þarf einnig að hafa öflug ytri samskipti við aðila utan fyrirtækisins, meðal annars viðskiptavinum, birgja og endurskoðendum. Þessar samskiptaleiðir tryggja að fyrirtækið fái mikilvægar upplýsingar um gæði þjónustunnar, virkni innra eftirlits og hagsmuni samstarfsaðila. Til að bæta ytri samskipti er nauðsynlegt að:

- **Miðla upplýsingum um ábyrgð og gildi:** Iðnafl þarf að upplýsa viðskiptavinum og samstarfsaðila um að þeir geti treyst því að siðareglur og ábyrgðir séu virtar innan fyrirtækisins.

- **Viðbrögð við athugasemdum endurskoðenda:** Þegar endurskoðendur gera athugasemdir um innra eftirlit er mikilvægt að stjórnendur lönafls taki þær alvarlega og grípi til viðeigandi úrbóta.
- **Upplýsingagjöf sé skýr:** Þær upplýsingar sem veittar eru til utanaðkomandi aðila þurfa að vera skýrar og í samræmi við þarfir þeirra, til að tryggja traust og gagnsæi.

6 Vöktun innra eftirlits

Til að tryggja að innra eftirlit lönafls sé öflugt og aðlagð að breytilegum aðstæðum er nauðsynlegt að vakta eftirlitskerfið reglulega. Þetta felur í sér stöðugt eftirlit og úttektir til að meta hvort eftirlitsaðgerðir séu að bera árangur. Með stöðugum breytingum í rekstrar-umhverfinu þarf að endurskoða reglulega hvort eftirlitsaðgerðirnar henti aðstæðum.

Stöðugt eftirlit er hluti af daglegum störfum stjórnenda og starfsmanna. Það felst í samanburði upplýsinga frá mismunandi aðilum og kerfum, og reglulegri yfirferð á rekstri til að greina frávík eða veikleika. Til dæmis eru reglulegar afstemmingar á eignum og birgðum mikilvægar til að tryggja réttmæti skráninga.

Upplýsingar frá utanaðkomandi aðilum, eins og viðskiptavinum, eru einnig mikilvægar vísbendingar. Kvartanir viðskiptavina geta gefið til kynna veikleika í eftirlitinu og þurfa að vera greindar ef bregðast skal á við þeim.

Sérstakar úttektir eru gerðar ef tilefni gefst, til dæmis eftir breytingar á skipulagi eða þegar frávík koma í ljós.

6.1 Viðbrögð vegna frávika

Ef veikleikar koma í ljós við vöktun eða úttektir, er mikilvægt að bregðast hratt og markvisst við. Upplýsingar um veikleika skulu strax miðlað til viðeigandi ábyrgðaraðila, sem hafa umsjón með þeim verkferlum sem við koma, til að tryggja að rétt viðbrögð séu höfð. Eftirlitsaðgerðir skulu vera endurskoðaðar og, ef þörf er á, lagfærðar til að koma í veg fyrir að veikleikarnir endurtaki sig. Mikilvægt er að vöktun og eftirlit séu ekki einungis viðbragðsaðgerðir heldur hluti af stöðugri endurskoðun á innra eftirlitskerfi lönafls.